

**Sp.**

### **734. Breytingartillögur**

við till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf.

Flm.: Pétur Ottesen, Gisli Jónsson.

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram rannsóknum á því, hvernig landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi verði bezt og haganlegast fyrir komið. Skal í því efni einnig samtímis taka til athugunar, hvort samrýma megi landhelgis- og björgunarstarfi fiskirannsóknir og leit nýrra fiskimiða.

Þá skal og þessari rannsókn beint að því, hvernig bezt og heppilegast verði fullnægt samningi milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveita á Vestfjörðum um byggingu eða kaup á skipi til þeirra starfa. En þangað til samningnum verður fullnægt að undangenginni rannsókn, er ríkisstjórninni heimilt að leigja skip í þessu skyni.

Þá skal það og haft í huga við greinda rannsókn, að samningar takist um hliðstætt efni við slysavarnasveitir annarra landshluta.

Enn fremur taki ríkisstjórnin til athugunar, hvort eigi sé unnt að komast af með færri menn á varðskipunum en nú er.

Heimilt er stjórninni að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim og öðrum skipum, er hér henta við landhelgisgæzlu og björgunarstörf, ef rannsókn sú, er hér um ræðir, leiðir í ljós, að takast megi að koma á hagkvæmum skiptum.

Ríkisstjórnin má verja fé úr ríkissjóði vegna ráðstafana þeirra, er hér um ræðir, þar með talin þóknun til þeirra kunnáttumanna á þessu sviði, sem hún kveður sér til ráðuneytis um þessi mál.

2. Aftan við fyrirsögnina bætist: o. fl.